



Verkfræðingafélag Íslands

## Málþing um siðferðislegar skyldur verkfræðinga

Staður: Verkfræðingahús, Engjateigi 9, Reykjavík  
Stund: Föstudagurinn, 9. október 2009, kl. 13-16  
Skráning: [skrifstofa@verktaekni.is](mailto:skrifstofa@verktaekni.is) eða í síma: 535 9300

Verkfræðingafélag Íslands efnir til málþings um siðferðislegar skyldur verkfræðinga. Markmiðið er að varpa ljósi á stöðu einstaklingsins í þessu tilliti og ekki síður starfsstéttarinnar í heild. Málþinginu er ætlað að slá upptaktinn í umræðu um siðareglur félagsins og endurskoðun á þeim. Búast má við fróðlegri umræðu og eru verkfræðingar eindregið hvattir til að mæta.

### *Erindi frummælenda:*

Salvör Nordal, forstöðumaður Siðfræðistofnunar. Hún hefur kennt fjölda námskeiða við HÍ í heimspeki, einkum siðfræði. Þá hefur Salvör haldið fyrirlestra og námskeið fyrir fagfélög og stofnanir.

Guðmundur G. Þórarinsson, verkfræðingur, fyrrum formaður VFÍ. Hann hefur setið í Siðanefnd VFÍ um margra ára skeið og mun segja frá störfum nefndarinnar.

### *Kaffihlé*

### *Pallborðsumræður:*

Þátttakendur auk frummælenda eru verkfræðingarnir: Agni Ásgeirsson, sérfræðingur hjá Alcan, Edvard G. Guðnason, deildarstjóri sölu- og markaðssviðs Landsvirkjunar, Guðrún A. Sævarsdóttir, lektor við Tækni- og verkfræðideild HR og Gunnar Svavarsson, fyrrum alþingismaður og bæjarfulltrúi í Hafnarfirði.

*Málþinginu stýrir Dr. Haukur Ingi Jónasson, lektor við verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands.*

*Léttar veitingar í boði félagsins.*